



# EFTIRLIT EÐA NJÓSNIR? - RAFRÆN VÖKTUN -



PERSÓNU  
VERND

Kynntu þér réttindi þín og skyldur á vefsíðu Persónuverndar  
[www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is) undir „Spurt og svarað“

# EFTIRLIT EÐA NJÓSNIR?

## 📄 - RAFRÆN VÖKTUN -



Til að rafræn vöktun sé heimil, t.d. með eftirlitsmyndavélum á vinnustöðum eða utandyra, þarf að uppfylla tiltekin skilyrði.

- 1. Tilgangur vöktunar verður að vera skýr, málefnalegur og lögmætur, t.d. að koma í veg fyrir þjófnað eða að tryggja öryggi manna og eigna.
- 2. Gæta þarf meðalhófs og ekki má ganga lengra heldur en þörf krefur til að forðast óþarfa íhlutun í einkalíf þeirra sem sæta vöktuninni.
- 3. Nauðsynlegt er að fræða þá sem eru á vöktuðum svæðum, t.d. starfsmenn eða nemendur, um vöktunina. Einnig þarf að **gera viðvart um vöktunina** með merki eða á annan áberandi hátt.
- 4. Vöktun sem fer fram til að mæla vinnu og afköst starfsmanna er háð ströngum skilyrðum.
- 5. **Myndefni skal aðeins skoða ef sérstakt tilefni er til þess og bara af þeim sem hafa heimild til þess.**
- 6. Ekki má geyma myndefni lengur en í 90 daga nema í sérstökum tilvikum, t.d. með heimild í lögum.
- 7. Þegar eftirlitsmyndavélar eru nettengdar þarf að tryggja að óviðkomandi hafi ekki aðgang að myndefni þeirra.
- 8. **Opinber birting á myndefni, t.d. á Netinu, er óheimil nema með samþykki þeirra sem eru á upptökunni.** Það má alltaf afhenda lögreglu myndefni.
- 9. Sá sem er vaktaður á rétt á að skoða gögnin, t.d. upptökur sem verða til um hann, nema hagsmunir annarra vegi þyngra.
- 10. Rafræn vöktun með leynd er bönnuð, nema hún styðjist við lög eða úrskurð dómara.

